

## 072/00 - M.b. Faxi RE-9

Faxi RE-9, skipverji slasast er hann lendir með hönd í trissu við að taka snurpihring af hanafót

### M.b. Faxi RE-9

Skipaskr.nr.: 1742

Smíðaður: í Póllandri 1987 úr stáli

Stærð: 714,36 brl; 1.041,00 bt

Lengd: 57,08 m Breidd: 11,00 m Dýpt: 8,00 m

Vél: Wichmann 1.800,00 kW Ágerð: 1986

Annað:

Földi skipverja: 15



Faxi ©Guðmundur St. Valdimarsson

### Atvikalýsing

Hinn 8. júní 2000 var m.b. Faxi RE-9 að síldveiðum við Jan Mayen. Veður: V- 4 vindstig.

Skipverjar voru að draga inn nótina og einn skipverja var við að taka snurpihringi af hanafótum og setja þá á þar til gert færsluband (hringtób), sem drifið var af litlu vökvadrifnu spili, og flutti hringina aftur að nótakassa. Annar skipverji tók á móti hringjunum og setti þá á hanafæturna aftur og var hann aftur í nótakassa. Er skipverjinn sem tók hringana af færslubandinu hugðist taka einn hringinn af og setja á hanafót var hann við það að missa jafnvægið. Hann leitaði eftir stuðningi eða handfestu og þá vildi ekki betur til en að hann slævði með hendi í ferliðu (trissu) sem er aftast á ferli færslutógs fyrir hringana svo tók af fingri. Hlúð var að skipverjanum um borð og skipinu siglt til Norðfjarðar þar sem björgunarbáttur kom á móti þeim og tók við þeim slasaða og flutti í land til frekari aðhlyningar.

### Við rannsókn kom fram

- að skipverjinn sem tók á móti snurpihringjunum stóð á palli sem var í u.p.b. 50 cm hæð frá þilfari. Hann þurfti að halda jafnvægi á pallinum og fylgja veltuhreyfingum skipsins;
- að slasaði sagði að eftir slysið hafi verið sett hlíf fyrir trissuna til að koma í veg fyrir sambærilegt atvik;
- að einn skipverja sagðist hafa lent í svipuðu atviki nokkru áður en honum hafi tekist að kippa að sér hendinni án þess að meiðast;
- að sögn skipverja höfðu tvö svipuð atvik orðið áður án alvarlegra áverka. Eftir þetta atvik var sett hlíf yfir færsluhjólið til að hindra að menn lendi með hendi þar í.

### Nefndarálit

Nefndin telur að vinnuaðstaða hafi verið slæm þar sem standa þurfti á palli ofar þilfari án viðunandi búnaðar til stuðnings í veltum skipsins.

### Tillögur í öryggisátt

Að um borð í skipinu sé hugað að vinnuaðstöðu áhafnar og að yfirmenn jafnt sem aðrir undirmenn skipsins bíði ekki eftir slysum á þeim stöðum, sem "næustum því slys" hafa orðið á áður en gripið er til aðgerða líkt og í þessu tilfelli.

